

Úrgangsstjórnun Urðunarstaðar í Álfsnesi

Árangur árið 2024



Eigendur SORPU skrifuðu þann 6. nóvember 2023 undir viðauka við eigendasamkomulag SORPU. Viðaukinn markaði tímamót, þar sem í honum er kveðið á um bann á urðun á lífrænum og lyktarsterkum úrgangi á urðunarstað SORPU í Álfsnesi, bann við urðun á blönduðum úrgangi, og að brennslustöð fyrir úrgang skuli ekki rísa í Álfsnesi, svo fátt eitt sé nefnt.

Með viðaukanum var SORPU veitt heimild eigenda til að reka urðunarstaðinn í breyttri mynd til ársins 2030. Með þessu gafst stjórnendum SORPU ráðrúm til að vinna að nauðsynlegum aðgerðum til að gera urðunarstaðinn að betri nággranna.

Til að fylgja eftir framvindu þeirra verkefna sem tilgreind eru í eigendasamkomulaginu frá 6. nóvember 2023, þá var skipuð verkefnastjórn með fulltrúum frá Mosfellsbæ, SSH og SORPU. Fulltrúar í verkefnastjórninni eru Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Jón Viggó Gunnarsson. Með þeim starfa verkefnastjórar frá SORPU og Mosfellsbæ.

Mikill árangur hefur náðst í að draga úr urðun í Álfsnesi eftir að samkomulagið var undirritað. Á árinu 2024 dróst urðun þannig saman um 90%, úr tæplega 53.700 tonnum í tæp 5.070 tonn. Þetta náðist fyrst og fremst með því að flytja blandaðan úrgang út til orkuvinnslu í Svíþjóð, og stöðva með öllu urðun á lífrænum og lyktarsterkum úrgangi í Álfsnesi.

Sex af þeim níu skilyrðum sem kveðið var á um í eigendasamkomulaginu að SORPA skyldi uppfylla hafa þegar verið uppfyllt. Meðal þeirra eru veigamestu skilyrðin um að urða ekki lífrænan og lyktarsterkan úrgang í Álfsnesi, að urða ekki blandaðan úrgang, að brennslustöð fyrir úrgang rísi ekki í Álfsnesi og að boraður verði fjöldi gassöfnunarhola í urðunarstaðinn til að draga úr lyktarmengun. Nánar er farið út í árangurinn síðar í þessari skýrslu.

Undirbúningur er hafinn við að uppfylla önnur tvö af skilyrðunum níu, um að halda hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu Álfsness og leit að nýjum urðunarstað. Verið er að meta þörf á opnun á nýrri urðunarrein í Álfsnesi, þar sem það magn sem berst á urðunarstaðinn hefur dregist það mikið saman, að ekki er á þessu stigi ljóst hvort þörf verði fyrir nýja rein á líftíma urðunarstaðarins.

Með þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeim árangri sem náðst hefur við að draga úr urðun á urðunarstað SORPU í Álfsnesi og öðrum atriðum sem kveðið er á um í áður nefndum viðauka við eigendasamkomulag SORPU.


Sá árangur sem hefur náðst er sigur fyrir eigendur SORPU, stjórn hennar, stjórnendur og starfsfólk allt. Grundvöllur árangursins er það traust sem SORPU er sýnt, traust sem skilaði því að hægt var að skapa sátt um rekstur urðunarstaðarins til ársins 2030 á grunni þess viðauka sem undirritaður var 6. nóvember 2023.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs.
Reykjavík, 27. febrúar 2025

Efnisatriði eigendasamkomulags um minnkun urðunar í Álfsnesi, nóvember 2023. Skáletruð atriði eru uppfyllt. Undirstrikuð atriði eru í vinnslu.

1. *Urðun á lyktarsterkum og lífrænum úrgangi verður hætt á urðunarstað SORPU í Álfsnesi eftir 31. desember 2023.*
2. *Baggaður/blandaður úrgangur verður ekki urðaður í Álfsnesi eftir 31. desember 2023. Mun sú aðgerð hafa veruleg áhrif til minnkunar á urðuðu magni í Álfsnesi en áætlað er að 40 – 50 þúsund tonn af böggðuðum úrgangi séu urðuð þar árlega.*
3. *Brennslustöð fyrir úrgang verður ekki reist í Álfsnesi.*
4. *SORPA mun, til að lágmarka neikvæð sjónræn grenndaráhrif, hefja vinnu við að opna rein til urðunar á óvirkum úrgangi og steinefnum í norðanverðu Álfsnesi árið 2024.*
5. *SORPA mun vinna markvisst að því að finna nýjan urðunarstað og samhliða leita markvisst leiða til að draga úr allri urðun í Álfsnesi.*
6. *SORPA mun, til að lágmarka lyktarmengun af þeim úrgangi sem þegar hefur verið urðaður, bora að lágmarki 70 holur í rein 20 til að safna gasi árið 2023, auka verulega við jarðvegs- og gróðurþekju urðunarstaðarins og kanna möguleika á að þekja urðunarrein 20 með dúk.*
7. *SORPA mun tryggja að unnið verði markvisst að víðavangshreinsun í Álfsnesi.*
8. *SORPA mun vinna með markvissum hætti að skógrækt í Álfsnesi.*
9. *SORPA mun standa að hugmyndasamkeppni um frágang og framtíðarnýtingu svæðis urðunarstaðar í Álfsnesi árið 2024.*

Þróun og árangur árið 2024:




Eins og sjá má í töflu hér að ofan yfir þróun og árangur árið 2024, þá náðist mikill árangur árið 2024 við að minnka urðun í Álfsnesi. Hér fyrir neðan má sjá hlutfallslega skiptingu þess úrgangs sem var urðaður árin 2023 og 2024 eftir flokkum.

Skipting úrgangs í urðun 2023



- Baggaður úrgangur
- Véltækur úrgangur
- Lýsishrat
- Dýrahæ
- Gúmmíúrgangur
- Fiskiúrgangur
- Sláturúrgangur 2. áhættufl.
- Sláturúrgangur 3. áhættufl. Stórsekkir
- Lausaúrgangur
- Þveginn sandur
- Ólífrænn dælanlegur úrgangur >20%
- Asbest
- Ásóttur úrgangur
- Sláturúrgangur 3. áhættufl. - í lausu
- Fita
- Úrgangur frá sorphreinsistöð - í laus
- Net, troll og kaðlar

Skipting úrgangs í urðun 2024



- Véltækur úrgangur
- Lausaúrgangur
- Þveginn sandur
- Ólífrænn dælanlegur úrgangur >20%
- Asbest
- Ásóttur úrgangur
- Net, troll og kaðlar

Árið 2023 voru urðuð alls 53.691 tonn í Álfsnesi. Árið 2024 voru urðuð alls 5.067 tonn. Samdrátturinn er rúm 90%, og þar af var ekkert urðað af lyktarsterkum lífrænum úrgangi og ekkert af böggðuðum eða blönduðum úrgangi.

Helstu verkefni sem unnið var að til að uppfylla skilyrði eigendasamkomulagsins eru:

- Baggaður/blandaður úrgangur var allt árið 2024 fluttur út til Svíþjóðar til orkuframleiðslu í brennslustöð.
- Fjárfest var í lausnum til að vinna fljótandi lífrænan úrgang.
- Vinnslulína Orkugerðarinnar ehf. í Flóanum var stækkuð og getur nú annað öllu því magni sláturúrgangs sem til fellur á höfuðborgarsvæðinu. Til vara þá hefur brennslustöð Kólku sf. í Reykjanesbæ tekið sláturúrgang til brennslu ef ekki hefur verið unnt að koma sláturúrgangi til vinnslu í Orkugerðinni.
- Fiturík steinefni frá lýsisframleiðslu fara núna í vinnslu í Danmörku. Dæmi um lausn sem úrgangsframleiðandi hafði frumkvæði að til að finna.
- Minni straumar af efnisflokkum hafa fundið farveg í útflutning með böggðuðum/blönduðum úrgangi eða til brennslu hjá Kólku í Reykjanesbæ.
- Til þrautarvara var gerður samningur við urðunarstaðinn Fíflholt á Mýrum um að taka við lyktarsterkum úrgangi til urðunar ef allar aðrar leiðir eru lokaðar.

Varðandi brennslustöð fyrir úrgang, sem er í skoðun að byggja hér á landi, þá er það skýr vilji eigenda SORPU að slík brennslustöð verði ekki byggð í Álfsnesi. Það er því verið að horfa á aðrar staðsetningar fyrir brennslustöð.

Varðandi undirbúning að opnun á nýrri urðunarrein í Álfsnesi, þá hefur þeirri framkvæmd verið frestað á grundvelli þess hversu vel hefur gengið að hætta urðun ýmissa efnisflokka í Álfsnesi.

Viðræður við sveitarfélög og sorpsamlög á Suðvesturhorninu varðandi nýjan urðunarstað skiluðu ekki árangri árin 2023 og 2024. Það kom fljótlega í ljós í þessum viðræðum að á meðan SORPA gæti ekki sýnt fram á verulega minnkun á urðun úrgangs, miðað við urðað magn árið 2023, þá var afar takmarkaður áhugi sveitarfélaga á slíku samtali. Þessi staða hefur breyst mikið eins og fram kemur í þessari skýrslu. Samtal er því hafið aftur miðað við nýjar forsendur.

Varðandi gassöfnun frá urðunarrein 20 í Álfsnesi, þá er það verkefni komið langleiðina. Ætlunin var að bora 70 söfnunarholur, en vegna aðstæðna þá verða holurnar alls 62. Búið er að tengja og hefja gassöfnun frá 57 holum og 5 þær síðustu verða tengdar núna á fyrri helmingi árs 2025.

Markvisst var unnið að víðavangshreinsun í Álfsnesi árið 2024. Margir hópar, bæði frá ípróttafélögum í Mosfellsbæ og öðrum ípróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu, komu í Álfsnes til söfnunar á rusli á víðavangi. Þessu verkefni verður haldið áfram árið 2025 eftir þörfum. Þörfin hefur minnkað mikið þegar baggaður úrgangur er ekki lengur urðaður á svæðinu.

Skógrækt er orðin hluti af reglulegri starfsemi urðunarstaðarins í Álfsnesi. Um 2.000 plöntur voru settar niður í jaðar urðunarsvæðisins árið 2023 og um 3.500 plöntur árið 2024. Svipað magn og árið 2024 er áætlað fyrir árið 2025.

Hugmyndasamkeppni um frágang og framtíðarnýtingu svæðis urðunarstaðar. Ekki náðist árið 2024 að koma slíku verkefni af stað í skólum í nærumhverfi Álfsness, þrátt fyrir að áhugi SORPU þar um hafi verið send skólayfirvöldum. Er í vinnslu fyrir árið 2025 í samvinnu við skólayfirvöld í Mosfellsbæ.